



Við Álftafjörð neðan undir Krákhamsarsfjalli horft til suðvesturs. Hólsnes og Múli til hægri, fjöll upp af Flugustöðum og Kjölfjall yst til vinstri.

Álft

Um Lónsl

Alfaraleið
 skamms tír
 urinn var f
 árunum 19
 ræða milli
 lokuðu leið
 sögunnar. U
 mýrar var t
 verð heiðin
 (733 m) að
 ir lækir sem
 in er langt o
 og heldur a
 metra hæð a
 sýslna. Lóns
 en bratt er up
 ið þægilegt u
 vestan við gar
 ur metri á ha
 Raflína ligg
 inum hefur l
 þar varla fær
 tækjum. Hir
 gönguleið, þa
 in liggur slóð
 um Reiðsund
 sem myndar f
 dals austur í á
 yfir Hjallalæk
 suðri og kallas
 þingstaður til
 austan undir
 hvort árlegt þir
 verið haldið til
 heiðar. Brýr er

Álftafjörður

Um Lónsheiði

Alfaraleiðin milli Lóns og Álftafjarðar lá til skamms tíma um Lónsheiði, eða þar til Þjóðvegurinn var færður út fyrir Hvalnes og Krossanes á árunum 1977–78. Um annan veg var ekki að ræða milli byggðarlaga, þar eð skriður miklar lokuðu leið með sjónum uns jarðytur komu til sögunnar. Um Lónsheiði milli Svínhóla og Star-mýrar var talin fjögurra tíma lestaferð. Sunnan-verð heidi er allmikil hvílt milli Hrossatinds (733 m) að vestan og Víkurfjalls. Falla þar margir lækir sem safnast í Víkurá. Norðanverð heidi er langt dalverpi, víða grýtt og skriðurunnið og heldur auðnarlegt. Háheidi fer í nær 400 metra hæð á Vörpum og voru þar mörk milli sýslna. Lónsheiði er þannig ekki hár fjallvegur, en bratt er upp sunnan í móti og hefur varla verið þægilegt undir klyfjum. Á vatnaskilunum rétt vestan við gamla vegslóðann stendur bjarg, röskur metri á hæð, kallað Sýslusteinn.

Raflína liggur yfir Lónsheiði en gamla bílveg-inum hefur lítið sem ekkert verið haldið við og þar varla fært yfir að óbreyttu nema á torfærutækjum. Hins vegar er hér ágæt og örugg gönguleið, þar sem fylgja má götum. Lónmeg-in liggur slóðin af Þjóðvegi rétt austan Össurár um Reidisund upp á Hrygg, fornan sjávarbakka sem myndar fallegan sveig fyrir mynni Össurárdals austur í átt að Víkurfjalli. Eftir að komið er yfir Hjallalæk tekur við grösug brekka mót suðri og kallast Þingbrekka. Þar á að hafa verið þingstaður til forna og önnur Þingbrekka er austan undir Lónsheiði. Sú spurning vaknar hvort árlegt þing fyrir þetta svæði hafi um skeið verið haldið til skiptis austan og sunnan Lónsheiðar. Brýr eru yfir Traðagil og Víkurá, hin

fyrirnefnda talsvert mannvirki og gljúfrið undir djúpt með fallegum fossum. Gamla reiðgatan og fyrstu bílaslóðir lágu upp heidina vestar en vegurinn sem lagður var um miðja 20. öld. Líkhamar heitir hjallabrún ofan til vestan við reiðgötuna og hermt að þar hafi látist margir skóla-piltar á leið til Skálholts; setja munnmæli atburðinn nálægt Svartadauða. Frá Líkhamri er skammt á Vörp. Vestur af er Rjúpnadalsfjall en austan við heita Sker og Ljósártungur undir Ljósártungutindi (725 m). Á Vörpum er þokusælt, en í björtu er fallett að horfa þaðan suður til Lóns. Við Sýslustein hugsum við til þeirra ótal Íslendinga sem fóru hér um í ellefu aldir, frægir menn úr sögum eins og Þangbrandur kristniboði á suðurleið og Flosi í liðsbón fyrir Njálsbrennu, Skaftfellingar með lestir sínar til



Sýslusteinn á Lónsheiði.



Þagri, fjöll upp



Frá Vörpum á Lónsheiði, horft suður yfir Lón til Horns (Vestrahorns). Myndin er tekin í júlí 1966, en þá var heiðarvegurinn enn samgönguæð.

og frá kaupstað á Djúpavogi og þurfalingar og förumenn í leit að bjargræði handan heiðar.

Til norðurs loka fjallgarðar sýn og sér ekki til sjávar fyrr en komið er að Starmýri. Heiðará verður til af Rjúpnadalsá og lækjum frá Vörpum og úr Krossgiljum og fær ábót neðar úr Skerpugili, en á milli þess og Rjúpnadals heitir Miðfell. Fróðlegt er að virða fyrir sér um-

merki um þrjár kynslóðir vega á heiðinni. Reiðgatan liggur yfirleitt lægst, þá fyrsta bíla-slóðin, sums staðar með grjóthleðslum í neðri kanti, og ofar vegurinn frá jarðýtuöld. Á bifreið var fyrst farið yfir Lónsheiði 1935. Hafurtask landmælingamanna var með því fyrsta sem flutt var á bíl yfir heiðina. Í framhaldi af þessu var farið að lagfæra Heiðarveginn, sem

Sona læt ég si-sona

Neðsti hluti Gjár er kallaður Kerlingargjá og tengist henni saga (Míningar úr Hornafirði, s. 77–78):

Valgerður Ólafsdóttir húsfreyja í Eskifelli í Lóni og síðar í Hlíð í sömu sveit, kona Jóns Markússonar, fōður Eiríks bónda á Hlíð í sömu sveit, mun hafa verið skörungur og æði-forneskjuleg í háttum og tali. Hún fór ein lestaferðir í kaupstað á Djúpavog. Þegar hún kom úr einni ferðinni, hafði hún sögu að segja. Hún var á heimleið í tungsljósi og er stödd á Lónsheiði austanverðri, þar sem vegurinn liggur allanga leið

meðfram gili eða gljúfri, sem nefnist Gjáin. Sér Valgerður þá ókennilegt ferlíki á aðra hönd sér og líktist helzt keraldí eða ámu, er valt og skoppaði eftir gljúfurbarminum. Buldi hátt í ámunni, og kvað við í sífellu: „Sona læt ég, si-sona. Sona læt ég si-sona. Sona læt ég si-sona.“ Þessu linnu ekki, unz Valgerði tók að leiðast þófið og varð skapbrátt. Sagði hún þá af þjósti: „Ærstu, springdu og ólmastu si-sona, og farðu bölvuð si-sona!“ Við þetta ávarp brá svo, að áman sprakk með miklum glymjanda og eldglæringum. Valgerður teymdi lestina gegnum neistaflugíð, og sakaði hvorki hana né hestana.

þótti mjög erfiður, spum og lokaðist oft sn...

Austan megin Lónandi að Hvaldalsvarp Jörðin Hnaukar í Álfarar en Starmýri vestur Heiðará í gljúfur og ist Almannagjá fyrru Sóknalýsingar, s. 51. Brún hennar fyrrum gjána, þar á meðal brúps „en náðist þó a 14). Vestanmegin ár an þeirra í oddanum eru Viðartungur und

Þegar komið er af verða fyrir Þingbrekubílgvegur í fyrstu su gljúfurs um Þingbrú austur yfir Selá og Skjólsháls og Skollavaru brúuð hjá armótu. Er brúin um 25 m löng og stórbrotið. Þá var h Selmel ofan í Seldal og hnausum. Tengingin frá Þjóðvegi um he áfram rétt norðan bæ

Út fyrir Hvalnes

Ferðamanni sem le Hvalneshorn (Eystra og leikhúsgesti við þ og heillandi sviðsm breiða boga er að



Hvalneshorn (Eystra)

